

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að fimmtán ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 og fimm ára aðgerðaáætlun 2020-2024

Um miðjan október kynnti Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið drög að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaáætlun 2020-2024 og opnaði fyrir umsagnir í samráðsgátt.

Reykjavíkurborg fagnar því að samgöngusáttmálinn sem undirritaður var af ríkinu og sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu þann 26. september sl. sé nú hluti af langtímaáætlun í samgöngumálum á landinu og tilsvarendi aðgerðaáætlun til fimm ára. Reykjavíkurborg vill koma með ábendingar fyrir áframhaldandi vinnu við þingsályktanir um samgönguáætlun. Þær ábendingar snúa að mestu að því að tengja betur umrætt samkomulag við þau meginmarkmið sem sett eru fram í drögum að stefnumótandi samgönguáætlun. Borgin áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Reykjavíkurborg telur mjög mikilvægt að meginmarkmiðum samgöngusáttmálans séu gerð góð skil í kafla 2 (*Markmið og áherslur*) í samgönguáætlun 2020-2034 til að áréttta samþykka stefnu í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Markmið samkomulagsins, skv. 2. grein þess, er að stuðla að auknum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu með uppbyggingu skilvirkra, hagkvæmra, öruggra og umhverfisvænna samgönguinnviða. Með þessu markmiði er stefnt að eftirfarandi:

- Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta. Leita skal leiða til að dreifa umferðarálagi með markvissum hætti og bæta þannig nýtingu innviða.
- Að stuðla að því að loftlagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð með eflingu almenningsgangna, deiliahagkerfis í samgöngum og bættum innviðum fyrir aðra vistvæna samgöngumáta og auk þess að hvetja til breyttra ferðavenja og orkuskipta.
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi með það að markmiði að draga stórlega úr umferðarslysum.
- Að tryggja skilvirka framkvæmd höfuðborgarpakkans og trausta umgjörð verkefnisins, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu, ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðir.

Tekið er undir aðrar ábendingar og athugasemdir sem fram koma í umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samgönguáætlun dags. 31. okt. 2019.

virðingarfyllst,

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri